

Tillaga til þingsályktunar

um sérstakar aðgerðir í byggðamálum.

Flm.: Steingrímur J. Sigfússon, Árni Steinar Jóhannsson, Jón Bjarnason,
Kolbrún Halldórsdóttir, Þuríður Backman, Ögmundur Jónasson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að hrinda í framkvæmd á næstu fjórum árum eftirfarandi sérstökum aðgerðum í byggðamálum:

1. Veittar verði árlega 1.000 millj. kr. til nýsköpunar og eflingar atvinnulífi í formi framlaga til atvinnuþróunarfélaga á landsbyggðinni.
2. Til viðbótar tekjum Vegasjóðs og framkvæmdum samkvæmt samþykktri vegáætlun og tillögum byggðanefndar um flýtingu vegaframkvæmda verði varið 1.000 millj. kr. árlega til að flýta enn frekar almennum vegaframkvæmdum.
3. Varið verði árlega 1.000 millj. kr. til jarðgangagerðar og byrjað á Austurlandi og síðan haldið áfram á Norðurlandi og Vestfjörðum.
4. Veittar verði árlega 500 millj. kr. til stuðnings félagslegri þjónustu og rekstri fjárhagslega veikburða sveitarfélaga.
5. Veittar verði árlega 500 millj. kr. til að bæta fjarskipti og efla flutningsgetu grunnnetsins til að tryggja að öll byggðarlög landsins njóti jafnræðis í fjarskiptaþjónustu hvað varðar verð og gæði.
6. Varið verði árlega allt að 300 millj. kr. til þess að koma á og efla framhaldsnám og fjar-nám í afskekktum byggðarlögum.
7. Varið verði árlega allt að 150 millj. kr. til að efla heilsugæslu og tryggja mönnun heilbrigðisstofnana á landsbyggðinni.
8. Varið verði árlega allt að 150 millj. kr. í átak til að dreifa störfum í opinberri stjórnsýslu og þjónustu um landið.
9. Veittar verði árlega 150 millj. kr. í að koma þriggja fasa rafmagni í öll byggðarlög og allar sveitir landsins.
10. Hraðað verði stefnumótun í sjávarútvegs- og landbúnaðarmálum sem miði að því að treysta byggð við sjávarsíðuna og í sveitum landsins. Stefnan miði að því m.a. að efla strandveiðar, byggða- eða búsetutengja veiðiréttindi og efla stuðning við landbúnað.
11. Endurskoðun á tekjulegum samskiptum ríkis og sveitarfélaga og lögum um tekjustofna sveitarfélaga verði hraðað og miðað við að styrkja stöðu sveitarfélaganna og auka fjárhagslegt sjálfstæði þeirra.
12. Gerð verði úttekt á mögulegum breytingum í skattamálum sem gætu átt þátt í að efla atvinnu og treysta forsendur byggðar á landsbyggðinni.

Að þremur árum liðnum skal meta árangur af framangreindum aðgerðum og stöðu byggðamála almennt. Á grundvelli þeirrar úttektar skal ríkisstjórnin leggja fyrir Alþingi tillögur um framhald aðgerða.

Greinargerð.

Ljóst er að mikið ófremdarástand ríkir í byggðamálum í landinu. Byggðaröskun og fólksflótti af landsbyggðinni til höfuðborgarsvæðisins og/eða útlanda hefur aukist ár frá ári og nemur nú nokkur ár í röð hartnær 2.000 manns á ári. Margir samverkandi þættir valda þessu ófremdarástandi. Lítil vafi er á því að óhagstæð stjórnarstefna, niðurskurður opinberrar þjónustu, einkanlega á fyrri hluta þessa áratugar, ásamt ákaflega miðlægri uppbyggingu í stjórnsýslu og opinberri þjónustu eiga þar sinn þátt. Nýfrjálshyggjustefnan, einkavæðing og markaðsvæðing þjóðfélagsins hafa einnig bitnað hart á landsbyggðinni. Sömuleiðis sú staðreynd að helstu stórframkvæmdir í landinu hafa undanfarin ár verið nánast án undantekningar á höfuðborgarsvæðinu eða nálægum svæðum.

Tilburðir stjórnvalda til að sporna við þessari þróun hafa reynst gagnslausir og aðgerðir hafa ekki fylgt orðum. Er nærtækt að vitna í því sambandi til þeirra markmiða byggðaáætlunar stjórnvalda á árunum 1994–97 að fjölga sérstaklega störfum í opinberri þjónustu á landsbyggðinni. Þegar tímabilið var gert upp kom í ljós að algerlega hið gagnstæða hafði gerst í reynd, öll ný störf í opinberri þjónustu sem bæst höfðu við á tímabilinu voru á höfuðborgarsvæðinu.

Núverandi ástand er í hrópandi ósamræmi við grundvallarmarkmið um jöfnuð og jafnrétti þegna þjóðfélagsins og sem jafnastar aðstæður þeirra til góðs mannlífs, án tillits til þátta eins og búsetu. Eitt meginmarkmið stjórnvalda á að mati flutningsmanna að vera að tryggja sem mestan jöfnuð í launum, lífskjörum og öllum aðstæðum, þ.m.t. aðgengi að undirstöðupjónustubáttum.

Vaxandi meðvitund er um þjóðhagslegt óhagræði af hinni miklu byggðaröskun. Útreikningar sýna að milljarðar á milljarða ofan fara í súginn á hverju ári vegna þessa. Lauslegir útreikningar benda til að kostnaður sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu sem taka við fólki utan af landi sé á bilinu 3–5 millj. kr. fyrir hvern einstakling. Því til viðbótar koma fjárfestingar einstaklinganna sjálfra í íbúðarhúsnæði o.fl. sem tengist búferlaflutningum og oftar en ekki eru verðlittlar eða verðlausar eignir yfirgefnar úti á landi. Í þeim sveitarfélögum sem missa frá sér fólk standa fjárfestingar í þjónustumannvirkjum og margs konar uppbyggingu, allt frá gatnagerð og veitumannvirkjum upp í skóla, félagsheimili, íþróttamiðstöðvar o.s.frv. vaxnýtta. Þegar allt er samantekið, kostnaður sveitarfélaganna sem taka við flutningunum, kostnaður einstaklinganna og þeirra sveitarfélaga sem missa frá sér fólk, er ljóst að um gífurlegan herkostnað fyrir þjóðarbúið í heild er að ræða. Fullyrða má að byggðaröskunin sé eitt helsta þjóðfélagsmeið okkar um þessar mundir, komi hart niður á lífskjörum þjóðarinnar og stefni í hreinasta óefni takist ekki að snúa þróuninni við.

Að óbreyttu verður byggðahrún í fjölmörgum byggðarlögum og jafnvel heilum landshlutum innan 15–25 ára. Einfaldir framreikningar á núverandi fólksflutningum í landinu, fækkun í einstökum landshlutum, eins og á Vestfjörðum, Vesturlandi og Austurlandi, sýna þetta. Ef litið er til einstakra byggðarlaga eru allmörg dæmi um að íbúum hafi beinlínis fækkað um 12–14% og allt að 25% á síðustu tíu árum. Óþarft er að fjölyrða um hversu gífurlegt áfall það yrði íslensku þjóðarbúi ef afskrifa þyrfti allar þær fjárfestingar sem liggja í hvers konar uppbyggingu í heilum byggðarlögum eða landshlutum. Er þá enn ótalin sú verðmætasköpun og þeir framtíðarmöguleikar sem eru bundnir því að byggðin viðhaldist. Miklir möguleikar eru fölgirnir í því að nýta kosti landsbyggðarinnar og landsins alls t.d. á sviði greina eins og ferðaþjónustu, framleiðslu hollra og ómengaðra matvæla, fjarvinnslu o.s.frv. En forsenda þess að landkostirnir nýtist þjóðinni og virkja megi þann mannauð sem enn er að finna í byggðum landsins er auðvitað að stöðva fólksflutningana og forða því að byggðirnar tæmist.

Íbúar einstakra byggðarlaga og landshluta geta og eiga að leika stórt hlutverk sem gæslumenn og vörslumenn lands og náttúru. Ný viðhorf í umhverfismálum, sem ýmsir telja fyrir misskilning vera andstæð byggð og byggðapróun, eiga einmitt að geta nýst til nýrrar sóknar á því sviði. Takmarkið er atvinnuuppbygging, auðlindanýting og þróun þar sem byggð og mannlíf dafna á sjálfbærum forsendum sem fá staðist til framtíðar.

Allt ber að sama brunni; leitun er að betri fjárfestingu en þeirri að snúa þessari óheillaþróun við, koma á nýjan leik á jafnvægi í byggð í landinu.

Rétt er að undirstrika að ekki er verið að tala um að hefja fólksflutninga í stórum stíl til baka heldur eingöngu að stöðva fækkun og tryggja að byggðarlögin geti notið eðlilegs vaxtar í takt við eigin viðkomu. Tillaga þessi gerir ráð fyrir að settir verði umtalsverðir fjármunir úr ríkissjóði næstu fjögur árin til markvissra, ákveðinna aðgerða. Tillagan gerir ráð fyrir að hér sé um hreinar viðbótaraðgerðir að ræða, þ.e. þær komi til viðbótar nógildandi byggðáætlun stjórnvalda og einnig til viðbótar tillögum byggðanefndar stjórnmalaflokkanna frá síðastliðnum vetri í tengslum við kjördæmabreytinguna svonefndu. Þar er um að ræða umtalsvert átak hvað varðar þætti eins og jöfnun orkuverðs og námskostnaðar sem vonir standa til að ásamt öðru hjálpi til.

Einhverjum kann að þykja vel í lagt að ætla í slíkar aðgerðir 4–5 milljarða kr. á ári en þeir fjármunir eru í raun smávægilegir ef tekið er mið af margra milljarða króna árlegum herkostnaði þjóðarbúsins vegna byggðaröskunarinnar. Einnig má hafa í huga að um væri að ræða ráðstöfun á tæplega helmingi af áætluðum tekjuafgangi ríkissjóðs á yfirstandandi ári samkvæmt nýjustu áætlun. Ekki þarf að óttast um þenslu eða verðbólguhættu vegna slíkra aðgerða því að ráðstöfun þessara fjármuna kæmi fyrst og fremst fram á landsbyggðinni þar sem engrar þenslu gætir og nema síður sé. Þvert á móti má færa fyrir því rök að einmitt í efnahagslegu tilliti væri skynsamlegt að grípa til markvissra aðgerða til að snúa fólksflutningunum við eða stöðva fólksflutningana innan lands en hröð fjölgun á höfuðborgarsvæðinu með tilheyrandi þenslu í byggingariðnaði og fleiri greinum er einmitt ein helsta undirrot misgengis í efnahagsmálum.

Fylgiskjal.

Mannfjöldapróun á Íslandi sl. 10 ár.
Tölur frá Hagstofu Íslands og gögn frá Bygðastofnun.

Mannfjöldapróun á Íslandi 1988–1998.

	Mannfjöldi 1. desember				Breyting á mannfjölda				Breytingar, %				Hlutfall	
	1988	1993	1997	1998 brbl.	1988 /98	1988 /93	1993 /98	1997 /98	1988/98 alls	Árleg breyting			1988	1998
										1988/93	1993/98	1997/98		
Allt landið	251.690	264.919	272.069	275.277	23.587	13.229	10.358	3.208	9,4	1,03	0,77	1,18	100,0	100,0
Höfuðborgarsvæði	141.938	154.232	164.360	167.956	26.018	12.294	13.724	3.596	18,3	1,68	1,72	2,19	56,4	61,0
Reykjavík	96.220	102.326	107.155	108.362	12.142	6.106	6.036	1.207	12,6	1,24	1,15	1,13	38,2	39,4
Önnur sveitarfélög	45.718	51.906	57.205	59.594	13.876	6.188	7.688	2.389	30,4	2,57	2,80	4,18	18,2	21,6
Seltjarnarnes	4.027	4.437	4.612	4.683	656	410	246	71	16,3	1,96	1,09	1,54	1,6	1,7
Kópavogur	15.551	17.172	19.826	21.376	5.825	1.621	4.204	1.550	37,5	2,00	4,48	7,82	6,2	7,8
Bessastaðahreppur	895	1.170	1.359	1.418	523	275	248	59	58,4	5,50	3,92	4,34	0,4	0,5
Garðabær	6.843	7.495	7.840	7.885	1.042	652	390	45	15,2	1,84	1,02	0,57	2,7	2,9
Hafnarfjörður	14.199	16.787	18.209	18.597	4.398	2.588	1.810	388	31,0	3,41	2,07	2,13	5,6	6,8
Mosfellsbær	4.027	4.698	5.221	5.496	1.469	671	798	275	36,5	3,13	3,19	5,27	1,6	2,0
Kjósarhreppur	176	147	138	139	-37	-29	-8	1	-21,0	-3,54	-1,11	0,72	0,1	0,1
Suðurnes	14.949	15.548	15.678	15.823	874	599	275	145	5,8	0,79	0,35	0,92	5,9	5,7
Grindavík	2.132	2.152	2.126	2.169	37	20	17	43	1,7	0,19	0,16	2,02	0,8	0,8
Sandgerði	1.273	1.317	1.312	1.334	61	44	17	22	4,8	0,68	0,26	1,68	0,5	0,5
Gerðahreppur	1.065	1.110	1.141	1.174	109	45	64	33	10,2	0,83	1,13	2,89	0,4	0,4
Reykjanesbær	9.855	10.280	10.390	10.436	581	425	156	46	5,9	0,85	0,30	0,44	3,9	3,8
Vatnsleysustrandarhr.	624	689	709	710	86	65	21	1	13,8	2,00	0,60	0,14	0,2	0,3
Vesturland	14.817	14.513	13.943	13.962	-855	-304	-551	19	-5,8	-0,41	-0,77	0,14	5,9	5,1
Akranes	5.404	5.233	5.127	5.187	-217	-171	-46	60	-4,0	-0,64	-0,18	1,17	2,1	1,9
Nýtt sveitarfélag í														
Borgarfirði	745	725	685	680	-65	-20	-45	-5	-8,7	-0,54	-1,27	-0,73	0,3	0,2
Borgarbyggð	2.460	2.514	2.549	2.416	-44	54	-98	-133	-1,8	0,44	-0,79	-5,22	1,0	0,9
Snæfellsbær	1.997	1.897	1.730	1.721	-276	-100	-176	-9	-13,8	-1,02	-1,93	-0,52	0,8	0,6
Eyrarsveit	801	903	925	943	142	102	40	18	17,7	2,43	0,87	1,95	0,3	0,3
Stykkishólmur	1.253	1.266	1.268	1.242	-11	13	-24	-26	-0,9	0,21	-0,38	-2,05	0,5	0,5
Dalabyggð	938	814	746	696	-242	-124	-118	-50	-25,8	-2,80	-3,08	-6,70	0,4	0,3
Önnur sveitarfélög á Vesturlandi	1.219	1.161	913	1.077	-142	-58	-84	164	-11,6	-0,97	-1,49	17,96	0,5	0,4
Vestfirðir	10.097	9.602	8.644	8.590	-1.507	-495	-1.012	-54	-14,9	-1,00	-2,20	-0,62	4,0	3,1
Vesturbyggð	1.656	1.122	1.252	1.245	-411	-534	123	-7	-24,8	-7,49	2,10	-0,56	0,7	0,5
Bolungarvík	1.217	1.163	1.094	1.023	-194	-54	-140	-71	-15,9	-0,90	-2,53	-6,49	0,5	0,4
Ísafjarðarbær	5.001	4.886	4.403	4.474	-527	-115	-412	71	-10,5	-0,46	-1,75	1,61	2,0	1,6
Önnur sveitarfélög á Vestfirðum	2.223	2.431	1.895	1.848	-375	208	-583	-47	-16,9	1,80	-5,34	-2,48	0,9	0,7
Norðurland vestra	10.551	10.445	9.796	9.578	-973	-106	-867	-218	-9,2	-0,20	-1,72	-2,23	4,2	3,5
Nýtt sveitarfélag í														
Vestur-Húin.	1.486	1.454	1.318	1.281	-205	-32	-173	-37	-13,8	-0,43	-2,50	-2,81	0,6	0,5
Blönduós	1.083	1.052	977	976	-107	-31	-76	-1	-9,9	-0,58	-1,49	-0,10	0,4	0,4
Höfðahreppur	699	685	631	600	-99	-14	-85	-31	-14,2	-0,40	-2,61	-4,91	0,3	0,2
Sveitarfélagið														
Skagafjörður	4.317	4.491	4.375	4.197	-120	174	-294	-178	-2,8	0,79	-1,34	-4,07	1,7	1,5
Siglufjörður	1.858	1.781	1.632	1.605	-253	-77	-176	-27	-13,6	-0,84	-2,06	-1,65	0,7	0,6
Önnur sveitarfélög á Norðurl. vestra	1108	982	863	919	-189	-126	-63	56	-17,1	-2,39	-1,32	6,49	0,4	0,3

	Mannfjöldi 1. desember				Breyting á mannfjölda				Breytingar, %				Hlutfall	
	1988	1993	1997	1998 brbl.	1988 /98	1988 /93	1993 /98	1997 /98	1988/98 alls	Árleg breyting			1988	1998
										1988/93	1993/98	1997/98		
Norðurland eystra	26.075	26.752	26.595	26.503	428	677	-249	-92	1,6	0,51	-0,19	-0,35	10,4	9,6
Ólafsfjörður	1.179	1.184	1.099	1.090	-89	5	-94	-9	-7,5	0,08	-1,64	-0,82	0,5	0,4
Dalvíkurbyggð	2.066	2.182	2.077	2.064	-2	116	-118	-13	-0,1	1,10	-1,11	-0,63	0,8	0,7
Akureyri	13.972	14.799	15.041	15.103	1.131	827	304	62	8,1	1,16	0,41	0,41	5,6	5,5
Eyjafljóarsveit	994	971	935	949	-45	-23	-22	14	-4,5	-0,47	-0,46	1,50	0,4	0,3
Húsavík	2.499	2.509	2.495	2.479	-20	10	-30	-16	-0,8	0,08	-0,24	-0,64	1,0	0,9
Önnur sveitarfélög á Norðurl. eystra	5.365	5.107	4.948	4.818	-547	-258	-289	-130	-10,2	-0,98	-1,16	-2,63	2,1	1,8
Austurland	13.167	13.035	12.549	12.291	-876	-132	-744	-258	-6,7	-0,20	-1,17	-2,06	5,2	4,5
Vopnafjarðarhreppur	940	886	846	825	-115	-54	-61	-21	-12,2	-1,18	-1,42	-2,48	0,4	0,3
Seyðisfjörður	1.030	879	799	804	-226	-151	-75	5	-21,9	-3,12	-1,77	0,63	0,4	0,3
Austur-Hérað	1.909	2.030	2.070	1.992	83	121	-38	-78	4,3	1,24	-0,38	-3,77	0,8	0,7
Nýtt sveitarfélag í S-Múlasýslu	3.622	3.479	3.331	3.300	-322	-143	-179	-31	-8,9	-0,80	-1,05	-0,93	1,4	1,2
Búðahreppur	762	737	632	616	-146	-25	-121	-16	-19,2	-0,66	-3,52	-2,53	0,3	0,2
Sveitarfélagið Hornafjörður	2.271	2.459	2.467	2.446	175	188	-13	-21	7,7	1,60	-0,11	-0,85	0,9	0,9
Önnur sveitarfélög á Austurlandi	2.633	2.565	2.404	2.308	-325	-68	-257	-96	-12,3	-0,52	-2,09	-3,99	1,0	0,8
Suðurland	20.096	20.792	20.504	20.574	478	696	-218	70	2,4	0,68	-0,21	0,34	8,0	7,5
Skaftárhreppur	660	619	594	587	-73	-41	-32	-7	-11,1	-1,27	-1,06	-1,18	0,3	0,2
Mýrdalshreppur	610	594	526	517	-93	-16	-77	-9	-15,2	-0,53	-2,74	-1,71	0,2	0,2
Vestmannaeyjar	4.743	4.886	4.645	4.594	-149	143	-292	-51	-3,1	0,60	-1,22	-1,10	1,9	1,7
Hvollhreppur	683	767	771	776	93	84	9	5	13,6	2,35	0,23	0,65	0,3	0,3
Rangárvallahreppur	747	801	792	765	18	54	-36	-27	2,4	1,41	-0,92	-3,41	0,3	0,3
Sveitarfélagið Árborg	4.935	5.251	5.475	5.505	570	316	254	30	11,6	1,25	0,95	0,55	2,0	2,0
Hrunamannahreppur	594	651	694	704	110	57	53	10	18,5	1,85	1,58	1,44	0,2	0,3
Biskupstungnahreppur	487	514	516	513	26	27	-1	-3	5,3	1,09	-0,04	-0,58	0,2	0,2
Hveragerði	1.572	1.639	1.665	1.718	146	67	79	53	9,3	0,84	0,95	3,18	0,6	0,6
Ölfushreppur	1.490	1.608	1.524	1.606	116	118	-2	82	7,8	1,54	-0,02	5,38	0,6	0,6
Önnur sveitarfélög á Suðurlandi	3.575	3.462	3.302	3.289	-286	-113	-173	-13	-8,0	-0,64	-1,02	-0,39	1,4	1,2

Miðað er við mörk sveitarfélaga 1. desember 1998 allt tímabilið.

Tilgreind eru sveitarfélög þar sem íbúafjöldi er 500 eða fleiri 1. desember 1998.

